

# Aðalfundur Félags viðurkenndra bókara

Aðalfundur Félags viðurkenndra bókara haldinn 15.mars, 2024 kl. 16:45 á Grand Hótel.

Fundur settur kl. 16:45

Fundur lögmætur

## 1. Kosning fundarstjóra

Agnes Vala Bryndal býður sig fram sem fundarstjóra, það er samþykkt einróma.

## 2. Tilnefning fundarritara og tveggja atkvæðateljara

Hildur Hrólfsdóttir og Inga Bjarnadóttir bjóða sig fram sem atkvæðateljara. Fundarstjóri leggur til að Catherine Soffía Guðnadóttir verði fundarritari og er það samþykkt einróma.

## 3. Skýrsla formanns og stjórnar, umræður um skýrsluna og hún borin upp til samþykktar

Agnes flytur skýrslu stjórnar. Í stjórn sitja formaður, Agnes Vala Bryndal, varaformaður, Guðrún Þórarinsdóttir, gjaldkerar á árinu voru þær María Björk Viðarsdóttir og Ólöf R. Sigurðardóttir, meðstjórnandi Guðlaug M. Ingvadóttir og varamenn í stjórn eru Jóhanna Árnadóttir og Guðborg Eyjólfsdóttir.

Byrjað er á því að minnst Maríu Björk Viðarsdóttir, gjaldkera, sem lést 11.mars 2024. Félagsmenn minnst hennar með mínútu þögn.

Haldin var glæsileg ráðstefna í nóvember, sem fræðslunefnd skipulögðu með miklum sóma. Einnig hafa verið haldin þónokkur vel sótt námskeið á vegum fræðslunefndarinnar. Á árinu voru haldnir 10 stjórnarfundir og þar bar hæst sú vinna sem hluti stjórnar tók að sér, við að ganga frá undirbúningi af gögnum fyrir félagsmenn sem lúta að áhættugreiningu eigin rekstrar. Mikil vinna í sameiningu við KPMG hefur farið fram vegna þessa. Eiga von á því að halda vinnustofur ásamt kynningu og nýtingu á þessum gögnum fyrir félagsmenn innan tíðar. Stjórnin ákvað á síðasta stjórnarfundum að best væri að leggja í hendur nýrrar stjórnar að útfæra árlegar vinnustofur sem nýtast félagsmönnum. Um árámót voru 450

félagar í félaginu og hefur þeim fækkað í takt við það sem stjórnin var búin að áætla. 9 félagar bættust við hópinn og 14 félagar bættust í hóp lífeyrisþega. Útskrift viðurkenndra bókkara fór fram á síðasta ári, og verið er að útskrifa síðustu viðurkennda bókkarana undir hatti Ráðuneytis á næstu dögum. Þessir hópar fá kynningarbréf frá félaginu, til að hvetja þau til inntöku. Launakönnun var send út en niðurstöður bárust því miður ekki í tæka tíð fyrir fundinn, en þær dreifast við fyrsta tækifæri. Félagsgjöld eru óbreytt frá síðasta ári, 18.000 kr.. Ekki er stemmt að frekari hækkun á gjöldum.

Skýrslan er samþykkt einróma.

#### **4. Gjaldkeri leggur fram ársreikning félagsins fyrir 2023, umræður um ársreikninginn og hann borinn upp til samþykktar eða synjunar**

Ólöf R. Sigurðardóttir, gjaldkeri, leggur fram ársreikning.

Farið yfir eigið fé og tekjur umfram gjöld. Rekstrartekjur voru upp á rúmar 12 milljónir og rekstargjöld rúmar 11 milljónir. Hagnaður félagsins á árinu var 741.000. Hækkun var á milli ára á handbæru féi.

Ársreikningur samþykktur einróma, enginn á móti.

#### **5. Skýrslur nefnda og umræður um þær**

Fyrir hönd fræðslunefndar flytur Hanna Guðmundsdóttir skýrslu fræðslunefndar. Þórunn Elsa Bjarnadóttir, Djurdja Kristjana Hrkalovic og Fjóla Hrönn Guðmundsdóttir fóru úr nefndinni og í staðinn komu Áslaug Ólöf Kolbeinsdóttir, Sonja Kjartansdóttir og Þorsteinn Bjarki Ólafsson. Nefndina skipa í dag Klara Sigurbjörnsdóttir, formaður fræðslunefndar, Sonja Kjartansdóttir, Hanna Guðmundsdóttir, Þorsteinn Bjarki Ólafsson og Áslaug Ólöf Kolbeinsdóttir. Varamenn eru þær Marta Haraldsdóttir og Guðborg Eyjólfsdóttir.

Árið 2023 var boðið upp á fjölda námskeiða og fyrirlestra. Farið var lauslega yfir þau námskeið sem haldin voru á árinu. Hin árlega ráðstefna félagsins var haldin 24. nóvember 2024. Ráðstefnan var vel sótt og gekk vonum framár. Fræðslufnefnd fundaði með DK, varðandi námskeið, niðurstaðan var sú að DK ætla að bjóða félagsmönnum upp á fleiri og ódýrari hraðnámskeið.

Fulltrúi Laga, samskipta og aganefndar er fjarverandi og því er enginn skýrsla. Fundarmaður tilkynnir félagsmönnum að nefndin séu með eitt mál á dagskrá sem er ekki fullunnið, en nefndin er búin að funda og eru að vinna við aðgerðaráætlun.

Engin skýrsla er tekin fyrir á fundinum fyrir hönd Skemmtinefndar.

## **6. Kosning formanns og varaformanns**

Guðrún Þórarinsdóttir býður sig fram til formanns. Það er samþykkt einróma

Guðlaug M. Ingvadóttir býður sig fram sem varaformann. Það er samþykkt einróma.

## **7. Kosning meðstjórnenda**

Agnes Vala Bryndal gefur kost á sér í meðstjórn og er kosin einróma.

Ólöf R. Sigurðardóttir gefur kost á sér og er kosin einróma sem áframhaldandi meðstjórnandi.

Þuríður Baldursdóttir gefur kost á sér í meðstjórn og er kosin einróma

Karen Lúðvíksdóttir gefur kost á sér í meðstjórn eða sem varamaður, en er ekki á staðnum.

Þuríður kemur þess vegna inn sem meðstjórnandi.

## **8. Kosning varamanna í stjórn**

Karen Lúðvíksdóttir gefur kost á sér sem varamaður og er kosin einróma

Guðborg Eyjólfisdóttir gefur kost á sér sem varamaður og er kosin einróma sem áframhaldandi varamaður.

## **9. Kosning skoðunarmanna reikninga og eins til vara**

Sonja Kjartansdóttir er sjálfkjörin sem skoðunarmaður og er kosin einróma sem áframhaldandi skoðunarmaður.

Inga Jóna Óskarsdóttir er sjálfkjörin sem skoðunarmaður og er kosin einróma sem áframhaldandi skoðunarmaður.

Hanna Guðmundsdóttir gefur kost á sér sem varamaður og er kosin einróma.

## 10. Kosning nefnda

### a. Fræðslunefnd og varamenn

Klara Sigurbjörnsdóttir gefur kost á sér í áframhaldandi stjórn og er kosin einróma.

Sonja Kjartansdóttir gefur kost á sér í áframhaldandi stjórn og er kosin einróma.

Hanna Guðmundsdóttir er sjálfkjörin í áframhaldandi stjórn og er það samþykkt einróma.

Porsteinn Bjarki Ólafsson gefur kost á sér í áframhaldandi stjórn og er kosin einróma.

Marta Haraldsdóttir er sjálfkjörin sem áframhaldandi varamaður og er það samþykkt einróma.

Guðbjörg Eyjólfsdóttir gefur ekki kost á sér.

Puríður Baldursdóttir gefur kost á sér sem varamaður og er kosin einróma.

### b. Laga-, samskipta- og aganefnd (LSA) og varamenn

Hrefna Díaná Viðarsdóttir gefur kost á sér í áframhaldandi stjórn og er kosin einróma.

Marta Haraldsdóttir er sjálfkjörin í áframhaldandi stjórn og er það samþykkt einróma.

Hanna Guðmundsdóttir er sjálfkjörin í áframhaldandi stjórn og er það samþykkt einróma.

Sigrún Ómarsdóttir gefur kost á sér sem áframhaldandi varamaður og er kosin einróma.

Guðríður Svavarsdóttir gefur kost á sér sem áframhaldandi varamaður og er kosin einróma.

### c. Skemmtinefnd

Marta Haraldsdóttir er sjálfkjörin í áframhaldandi stjórn og er það samþykkt einróma.

Hrefna Díaná Viðarsdóttir gefur ekki kost á sér í áframhaldandi stjórn.

Guðborg Eyjólfsdóttir gefur ekki kost á sér í áframhaldandi stjórn.

Agnes Vala Bryndal gefur kost á sér og er kosin einróma.

Erla Ármannsdóttir gefur kost á sér sem varamaður skemmtinefndar og er kosin einróma.

Fundarmaður spyr hvort að þeir sem eru kosnir til eins árs þurfi að láta vita að þeir vilji vera áfram eða ekki. Agnes Vala, fundarstjóri, svarar að það var búið að senda fyrirspurnir á alla í nefndunum hvort þeir vilji vera áframhaldandi nefndarmenn eða ekki. Þeir sem svara ekki eru því sjálfkjörnir í áframhaldandi stjórn. Umræður eiga sér stað varðandi minnkandi mætingu á fundi félagsins, stjórnin svarar að gerðar voru ítarlegar tilraunir til að bæta mætinguna á aðalfundum.

## **11. Lög fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs**

Ólöf R. Sigurðardóttir, fer yfir fjárhagsáætlun. Farið lauslega yfir helstu kostnaðarliði. Það hefur verið í fækkun í félaginu á milli ára. Stefnt er á að herða á kynningu félagsins til að fá inn fleiri félagsmenn. Launakostnaður hefur verið að hækka miðað við kjarasamninga. Spurning kom úr sal um hvað fellur undir afskrifaðar viðskiptakröfur, stjórnin svarar að það falli þar undir félagar sem ekki hafa greitt félagsgjöld á árinu. Stjórnin tók þá ákvörðun að rukka félagsgjöld í september, og ef félagsmenn hafa ekki greitt félagsgjöld fyrir áramót, eru félagsmenn tekin sjálfkrafa út. Þetta miðar við reglur félagsins. Stefnt er á að vera sýnilegri og koma út auglýsingum á fleiri staði. Ábending kemur úr sal varðandi þau gjöld sem falla undir gjafir og styrkir á árinu. Að stjórnin hefur gefið þeim útskriftarnemum sem dúxa blómvönd. Stjórnin punktar ábendinguna hjá sér og nefna það að það standi ekki undir neinni verklýsingu en eru sammála að það sé góð hefð sem gæti nýst félaginu vel varðandi að fá inn fleiri félagsmenn. Félagið kemur út með hagnaði samkvæmt fjárhagsáætlun sem tryggir það að hægt sé að koma til móts við breytingar ef þess þarf. Fjárhagsáætlunin fær engar athugasemdir og er samþykkt einróma.

## **12. Tillaga stjórnar um félagsgjald og inntökugjald næsta reikningsárs**

Tekin var ákvörðun í stjórn að hækka ekki félagsgjöld í ár. Ekki er tilefni til hækkunar að svo stöddu. Áfram verður innhveimt tvisvar á ári.

Tillaga samþykkt einróma að engin breyting verður á félagsgjöldum.

## **13. Önnur mál**

Fundarmenn spyrja spurningar.

Spurt er út í stöðu á skoðunarkönnun varðandi sameiningu Félag viðurkenndra bókara og Félags bókhaldsstofa. Könnunin kom mjög vel út, niðurstaðan var sú að 73% vildu sameiningu. Félagsmenn fengu ekki niðurstöðu úr þeirri könnun þar sem að könnunin var því miður ekki marktæk. Stjórnin fundaði við Félag bókhaldsstofa í nóvember eftir könnunina, og kom þá í ljós að ekki stæði til að sameina félögin eins og er. Stjórn Félags bókhaldsstofa tilkynntu þeim það. Stjórn Félags viðurkenndra bókara hafa enn áhuga á sameiningu félaganna en á meðan áhugi fyrir sameiningunni stendur ekki til að hálfu Félags

bókhaldsstofa, þarf að vinna í því að styrkja Félag viðurkenndra bókara frekar. Málið verður tekið fyrir síðar af nýju stjórninni.

*Agnes Vala tekur til máls:*

Segir að stjórnin hefur verið að biðja um fund með Skattinum, því þau vilja vita hver þeirra staða sé, hvaða flokk viðurkenndir bókarar falla undir. En ekki hefur borist neitt svar. Spurning berst til Agnesar úr sal um hvort að félagið ætli að opna fyrir fleirum, en það kallar á lagabreytingu. Þegar öllu er á botninn hvolft, þurfa þau að taka þessa ákvörðun einn daginn.

Hún tilkynnir félagsmönnum það að hún sendi bréf á ráðherra þess efnis að þó svo að það sé verið að hætta að útskrifa Viðurkennda bókara að þá eru engin tímamörk á þeim viðurkenningum sem þau fengu á sínum tíma. Skráningunni verði ekki eytt út og verður listinn aðgengilegur á netinu. Félagsmenn geta þess vegna fengið staðfestingu á því á öðru tungumáli, að þau hafi staðist prófið sem Viðurkenndir bókarar.

Umræður úr sal myndast varðandi skoðunarkönnunina, að það væri best að gera skoðunarkönnunina upp á nýtt með einkvæman lykil, þar sem hlekkurinn getur bara nýst einu sinni.

Ábending berst úr sal að áður fyrr á aðalfundum félagsins, voru alltaf námskeið, skemmtanir eða tilefni fyrir fundi, og þá voru mun fleiri félagsmenn sem mættu. Stjórnin eru mjög dugleg við að ýta undir félagsmönnum varðandi fundi, reynt var að fá fræðslunefnd í að skipuleggja fræðslu fyrir þessum aðalfundi, farið var af stað en ekkert gekk upp í tæka tíð. Greinilegt að félagsmenn þurfa stærri gulrót, til að mætingin verði betri á fundum félagsins. Stungið er upp á að hafa fundi félagsins í fjarfundarbúnaði, til að bæta mætingu, en breyta þarf lögum til þess.

Félagsmenn hafa sumir ekki verið að fá tölvupósta eða tilkynningar frá félaginu á samfélagsmiðlum, málin eru rædd og stjórn bendir félagsmönnum á að vakta póstana sína frekar og láta þau vita um leið ef eitthvað er ekki að komast til skila.

Umræða myndast í sal varðandi samfélagsmiðla félagsins, að stofna mögulega Instagram og Facebook síðu til að auglýsa félagið frekar. Jafnvel að gera Youtube auglýsingu. Þyrfti að koma upp á leitarvél hjá fólki auglýsing frá FVB, þegar fólk er að fletta upp sem dæmi orðin: bókhald, bókarar, Promennt eða NTV. Þyrftu að fá til sín markaðsmanneskju og skilgreina frekar markhóp félagsins varðandi auglýsingar.

*Fundarstjóri tekur til máls:*

Kemur á framfæri að Þekkingardagur bókarans verður haldin 11. október 2024. Hún þakkar fundarmönnum kærlega fyrir mætinguna og slítur fundinn.

Fundi slitið kl. 18:14.